

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-52/2026

Reykjavík, 5. mars 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til *Draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)* sem birt voru í Samráðsgáttinni 26. febrúar sl.

LL fagna drögunum og telja að í þeim felist veruleg réttarbót fyrir lífeyrissjóði, sjóðfélaga þeirra og efnahagslífið í heild. Núgildandi magnbundnar takmarkanir eru óháðar áhættusniði lífeyrissjóða, sem getur verið misjafnt. Þá eru margar þeirra óháðar stærð, áhættu og eðli fjárfestingar. Með því að draga úr þessum magnbundnu takmörkunum, og byggja í auknum mæli á svonefndri skynsemisreglu, er ýtt undir áhættuvitund og möguleika lífeyrissjóða til að laga eignasafnið að áhættusniði með langtímahagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Minni áhersla á magnbundnar takmarkanir getur þannig skilað sér í betri eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóðanna.

Til viðbótar þessu eru breytingarnar almennt til þess fallnar að liðka fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða svo sem í innviðaverkefnum auk þess sem heimild til verðbréfalána, sem finna má í frumvarpsdrögunum, kann að bæta virkni verðbréfamarkaðar hérlandis.

LL vísa til þess að í 3. gr. frumvarpsdraganna er að finna heimild til handa lífeyrissjóða til að „taka tillit til áhrifa fjárfestinga á umhverfispætti og félagslega þætti auk stjórnarháttanna.“ LL telja afar mikilvægt að eigi leiki nokkur vafi á heimild sjóðanna til að taka tillit til og meta hugsanleg áhrif fjárfestinga innan þeirra marka sem sett eru af skynsemisreglunni og lögbundnu hlutverki lífeyrissjóða samkvæmt 20. gr. laga nr. 129/1997. Lífeyrissjóðir hafa almennt talið að tilvísun í núgildandi lögum til siðferðislegra viðmiða í fjárfestingum felist vísun til umhverfis-, félagslegra- og stjórnarþátta. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpsdrögunum ætti samkvæmt því ekki að breyta núverandi framkvæmd.

LL vilja einnig vekja athygli ráðuneytisins á því að í b-lið 5. gr. frumvarpsdraganna segir að „[m]eiri hluti eigna lífeyrissjóðs skv. 2.-6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a.“ skuli vera ávaxtaður með ákveðnum hætti. Af greinargerð má ráða að ætlunin hafi verið að ná til heildareigna lífeyrissjóðs, en því markmiði verður ekki náð ef eignir skv. 1. tölul. 2. mgr. 36. gr. a eru undanskildar. Leggja LL því til að ákvæðið orðist svo: „Meirihluti heildareigna lífeyrissjóðs skal vera ávaxtaður í:“ og að við upptalninguna bætist við nýr stafliður þar sem segi: „eignum skv. 1. tölul. 2. mgr. 36. gr. a.“

Þá telja LL óljóst til hvaða atriða fjármálaeftirlitið skal horfa við veitingu heimildar samkvæmt 8. gr. frumvarpsdraganna, en þar er að finna heimild til að lána skuldabréf og hlutabréf til aðila sem eru staðsettir í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, en eru samsvarandi lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum eða miðlægum mótaðila en „enda teljist eftirlit með starfsemi þeirra sambærilegt að mati Fjármálaeftirlitsins.“ Telja LL að betur færi á því að bæta aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) við upptalninguna jafnframt því að fjármálaeftirlitið geti viðurkennt ríki utan OECD. Þá væri til bóta ef ráðherra hefði heimild til að setja reglugerð um til hvaða atriða fjármálaeftirlitið skuli líta við mat sitt.

LL þakka að lokum ráðuneytinu fyrir gott samstarf um málið. LL ítreka stuðning sinn við þær breytingar sem frumvarpsdrögin leggja upp með og eru reiðubúin til að vera ráðuneytinu innan handar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri